



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Stærðfræði – 2. bekkur

Unnið er markvisst með grunnhugtök, talnaskilning, rökhugsun, rúmfræði og mælingar. Leitast er við að tengja viðfangsefnið nemendum sjálfum, umhverfi þeirra og daglegu lífi. Áhersla er lögð á hlutbundna vinnu og að virkja nemendur á fjölbreyttan hátt, s.s. í gegnum ýmiskonar leiki, þrautir og spil. Unnið er með námsefnið Sproti 2a og Sproti 2b. Heimanámið miðast við að dýpka það efni sem unnið er með í skólanum. Nemendur vinna í æfingaheftunum Sproti 2a og Sproti 2b í heimanámi og taka þá fyrir þætti sem búið að vinna með í nemendabókunum eða gegnum aðrar fyrirlagnir.

Matsviðmið

Tölur og reikningur

Lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 100.

Talið upp að 100, með því að telja hverja tölu, aðra hverja, fimmtu hverja og tíundu hverja.

Þekkt sléttar tölur og oddatölur.

Unnið með einingar, tugi og hundruð.

Lagt saman og dregið frá með tölum upp í 100.

Rúmfræði og mælingar

Flokkað og greint algeng tvívíð og þrívíð form í umhverfi sínu.

Sagt til um heilan og hálfan tíma á klukku

Teiknað spegilása, spegilmyndir og samhverfar myndir.

Borið saman lengdir og flatarmál með ágiskunum og mælingum.

Notað hugtök sem varða tíma, s.s. heiti vikudaga og mánaða.

Algebra

Lýst og haldið áfram með talnamynstur sem endurtekur sig.

Tölfræði og líkindi

Safnað gögnum, flokkað þau og talið.

Sett upplýsingar fram í töflu og sýnt niðurstöður í einföldum súluritum.

Lesið úr einföldum súlu- og línuritum.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Kennarar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.